

Mánudaginn 22. dag. ágústmán.

Nr. 29/19010:

Réttvísinn

gegn

Birni Halldórssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 14. febr. þ. á., var hinn ákærði, Björn sjómaður Halldórsson, fyrir að hafa af gáleysi orðið valdur að dauða manns, dæmdur, samkvæmt 200. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, samborinni við 40. gr. sömu laga, til að sæta 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 5 kr. til talsmanns síns fyrir aukaréttinum, uppgjafarprests Guðmundar Guðmundssonar. En dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins dómfelda.

Það er með játningu ákærða og öðrum skýrslum sannað, að 27. nóvbr. síðastl., stundu fyrir miðaftan, voru þeir staddir hjá húsi einu í Bolungarvík, ákærði og Jón nokkur Jónsson kaupmaður, og voru þeir druknir nokkuð, einkum Jón. Höfðu þeir hizt áður um daginn og lent í illdeilum milli þeirra út af skuld, er Jón krafði ákærða um. Nú urðu aftur áflog milli þeirra fyrir utan húsið, og hafði ákærði betur. Fór Jón síðan inn í anddyri hússins og annar maður, er með þeim var, en ákærði fór á eftir þeim, og var þá reiður mjög við Jón út af ertingum hans. Tóku þeir þá enn saman, ákærði og Jón, en þriðji maðurinn, er með þeim var í anddyrinu, virðist hafa ætlað að ganga í milli þeirra og tekið um hendur Jóns. En þá um sama leyti virðist það hafa

verið, að ákærði sló Jón undir hökuna, svo að hann hraut út úr anddyrinu aftur á bak út yfir tröppurnar, sem að baki hans voru, og ofan á frostna grundina fyrir framan húsið. Þar lá Jón meðvitundarlaus þegar að var komið strax eftir fallið, og var hann þá fluttur inn í annað hús og reynt að hjúkra honum þar, en hann dó, án þess að hafa raknað við aftur, kl. 3 um nóttina. Daginn eftir skoðaði læknir líkið og taldi dauðaorsökina brot á hauskipunni, sem orðið hefði við byltuna undan höggi ákærða.

Það er ekki að sjá af málinu, sérstaklega ekki af læknisskoðuninni, að neinn áverki hafi orðið af höggi ákærða, eða neitt sést á líkinu eftir höggið sjálft, og það er eftir atvikum málsins ekki næg ástæða til að álíta, að ákærði hafi séð fyrir byltuna, sem af högginu hlaust og leiddi manninn til bana, því að dimt var og Jón hafði ekki höndurnar fyrir sig að bera, sem ákærða virðist hafa verið ókunnugt um. Það verður því að telja gáleysisverk af ákærða, er hann varð orsök til byltunnar með höggi sínu og þar með til dauða mannsins, og að fallast á það að undirdómarinn hefir fært brot hans undir 200. gr. hegningarlaganna, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin, eins og í dómnum er gjört, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Það ber því að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti, einnig ákvæði hans um sakarkostnaðinn.

Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 15 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Akærði Björn Halldórsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggert Claessens og Odds Gíasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. dag ágústmán.

Nr. 29/1910:

J. P. Brillouin konsúll
gegn

Jóni Jenssyni yfirdómara.

D ó m u r:

Með stefnu dags. 15. oktbr f. á. hefir J. P. Brillouin, frakkneskur vicekonsúll í Reykjavík, höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á móti yfirdómara Jóni Jenssyni, út af meiðyrðum, sem hann hafi haft um sig á sáttafundi 5. s. m., en þá hafi Jón Jensson sagt, að nú skyldi hann gjöra alvöru úr því að flæma hann (Brillouin) af landi burt og »rense Landet for Dem« (Brillouin) Þar sem stefndi Jón Jensson neitaði því undir rekstri málsins að hafa viðhaft orð þessi um sækjanda, leiddi hann sáttanefndarmenn Reykjavíkur sem vitni að um-